

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 30. maí 2025
Kl. 13:00 – 15:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Stella Samúelsdóttir, formaður þróunarsamvinnunefndar, Þór Ásgeirsson (GRÓ FTP), Irma Erlingsdóttir (GRÓ GEST), Ómar Már Jónsson (Miðflokkur), Dagbjört Hákonardóttir (Samfylking), Bryndís Haraldsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Kolbrún Páldsóttir (Barnaheill), Ragnar Schram (SOS Barnahjálpi), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi), Sara McMahon (UN Women) og Halldór Halldórsson (Íslenska kalkþörungasambandið).

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir (Flokkur fólksins), Sveinn Óskar Sigurðsson (Miðflokkur), Diljá Mist Einarsson (Sjálfstæðisflokkur), Ingvar Þóroddsson (Viðreisn), Birna Þórarinsdóttir (UNICEF) og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir (Alþýðusamband Íslands) boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir, Hólmfríður Anna Baldursdóttir, Andri Egilsson og Gísli Þór Magnússon.

Hluta fundarins sátu að auki: Halla Hrund Logadóttir (Framsóknarflokkur).

Nefndarritari: Kolbeinn Arnarson.

1. Fundur settur (13:08)

Fundur var settur kl. 13:08. Fundargerð síðasta fundar frá 6. desember 2024 var samþykkt án athugasemda.

2. Inngangur og kynning nefndarmanna (13:10).

Formaður bauð fundarmenn velkomna og bauð nýjum fulltrúum að kynna sig þar sem breytingar hafa orðið á skipan nefndarinnar. Hún kynnti sjálfa sig og greindi frá starfsreynslu sinni á sviði þróunarsamvinnu.

Formaður greindi frá hlutverki nefndarinnar samkvæmt lögum, hverjir eiga fulltrúa í nefndinni og öðru praktísku sem tengist starfi þróunarsamvinnunefndar.

Áréttaði formaður mikilvægi þess að efla tengsl nefndarinnar við utanríkismálanefnd Alþingis og greindi frá því að hún hafi sett sig í samband við formann utanríkismálanefndar með það að markmiði að settur verði upp óformlegur samráðsvettvangur á milli nefndanna tveggja.

Rætt var um siðferðislegar skyldur stjórnvalda gagnvart þróunarriðkjum, ekki síst í ljósi þess stuðnings sem Ísland naut á eftirstríðsárunum til að mynda í formi Marshallaðstoðarinnar. Formaður reifaði þær miklu áskoranir sem þróunarlöndin standa frammi fyrir og áréttaði mikilvægi þess að Ísland leggi sitt af mörkum við að mæta téðum áskorunum. Í þessu samhengi voru aukin framlög til öryggis- og varnarmála rædd og sagði formaður mikilvægt að halda til

haga tengingunni á milli þróunarsamvinnu og öryggismála, þar sem þróunarsamvinna hafi ákveðið forvarnargildi. Þar sem ríkir friður og velsæld er minni hætt á átökum og vanda sem þeim fylgja.

Í umræðum vakti nefndarmaður athygli á því að ef horft væri til fjármálaáætlunar 2025-2029 væri ekki gert ráð fyrir þeirri aukningu á framlögum sem gert er ráð fyrir í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 og og velti því upp hvort nefndin þyrfti ekki að flagga því sérstaklega við stjórnvöld.

3. Þróunarsamvinna á krossgötum, Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu (13:50).

Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnu stiklaði á stóru um alþjóðlega þróunarsamvinnu sem einkennist þessa dagana helst af sívaxandi þörf fátækustu ríkjanna fyrir stuðning meðal annars vegna náttúruhamfara, hamfara af mannavöldum og átaka, þar á meðal innrásarstríðs Rússa í Úkraínu, afleiðinga loftlagsbreytinga og skuldavanda á sama tíma og stór framlagsríki hafa dregið úr stuðningi við málaflokkinn. Sagði hún áhrif innrásarstríðs Rússa í Úkraínu bæði bein og afleidd, að mörg framlagsríki hefðu aukið stuðning til Úkraínu á kostnað fátækustu ríkjanna, og að Úkraína hefði verið mikilvægt matvælaframleiðsluríki sem hefði flutt út korn, m.a. til Afríku. Fram kom að brotthvarf bandarískra stjórnvalda úr þróunarsamvinnu hefur gífurlegar afleiðingar fyrir umhverfi þróunarsamvinnu í heild sinni, alþjóðastofnanir sem sinna þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð og íbúa fátækustu ríkjanna. Fram kom að útilokað er að framlagsríki stígi inn og fylli það gat sem skapast við brotthvarf Bandaríkjanna og annarra framlagsríkja sem hafa skorið niður framlög til opinberrar þróunaraðstoðar. Mikilvægt sé því að rödd þeirra sem styðja alþjóðakerfið og fátækustu ríkin heyrist. Fram kom að fleiri málaflokkar þurfa stuðning, til að mynda aðgerðir til að bregðast við og stemma stigu við loftslagsvánni sbr. ákvarðanir á síðustu ríkjaráðstefnu Loftslagssamnings SP (COP29) um að stórauka framlög (e. NCQG), framlög til að efna skuldbindingar sem samþykktar voru á ríkjaráðstefnu samnings um líffræðilega fjölbreytni (COP16) og yfirstandandi samningaviðræður um nýjan samning til að stemma stigu við plastmengun. Þá kom fram að mannúðarástand í heiminum hefur sjaldan verið verra og fjármagn af skornum skammti. Margar krísur séu vel þekktar úr umræðunni, s.s. Gaza, en aðrar gleymdar eða ekki fjallað um, s.s. Súdan svo fátt eitt sé nefnt.

Fram kom að umfangsmikið umbótastarf er hafið á stofnunum Sameinuðu þjóðanna, annars vegar leitt af framkvæmdastjóra SP í tengslum við 80 ára afmæli stofnunarinnar í ár, en einnig vegna niðurskurðar og samdráttar á framlögum, helst Bandaríkjanna. Loks var rætt um fjórðu ráðstefnu SP um fjármögnun þróunarsamvinnu (e. FfD4), sem haldin verður í Sevilla á Spáni í lok júní næstkomandi þar sem þjóðir heims koma saman til að ræða hvernig endurbæta megi hið alþjóðlega fjármálakerfi til að tryggja sanngjarna, sjálfbæra og árangursríka fjármögnun þróunarsamvinnu til framtíðar. Í því samhengi kom fram nauðsyn þess að fá einkageirann til samstarfs í auknum mæli ásamt því að efla atvinnusköpun og innlenda tekjuöflun í þróunarríkjunum.

Þá var farið yfir helstu áskoranir í samstarfslöndum Íslands, Malaví, Síerra Leóne og Úganda, sem glíma við margvíslegar áskoranir, mikla fátækt, fæðuöryggi afleiðingar loftlagsbreytinga,

orkuskort, fátækt, náttúruhamfarir, áskoranir í mannréttindamálum og pólitískan óstöðugleika fyrir og í kjölfar kosninga.

4. Umræður (14:05)

Í umræðum var rætt um ráðgefandi hlutverk nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum og því velt upp hvort nefndin ætti að veita ráðherra skýra ráðgjöf í ljósi breyttrar heimsmyndar.

Rætt var um mikilvægi þróunarsamvinnu og mikilvægi þess að halda uppi jákvæðri orðræðu, þar sem merkja mætti í samfélaginu á köflum neikvæða umræðu um stofnanir Sameinuðu þjóðanna og þróunaraðstoð almennt. Var því velt upp að nú væri mikilvægara en nokkru sinni að standa vörð um samstarf við fátækustu ríkin og alþjóðasamstarf og að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi töluðu fyrir þeim sjónarmiðum. Þar skipti ekki mestu máli hver framlögin væru í krónum talið heldur stuðningur við málaflokkinn og fátækustu ríkin.

Nefnt var hvernig hægt væri að halda á lofti umræðu um loftlagsmál, jafnrétti og þróunarsamvinnu þegar umræðan í samfélaginu hverfðist að stórum hluta til um öryggis- og varnarmál. Dregið var fram að sérstaða og sérþekking Íslands sé ekki á því sviði og að íslensk stjórnvöld gætu að gera sig gildandi á öðrum sviðum sem falli betur að sérþekkingu Íslands. Í því samhengi var bent á að orkumál væru lykilinnviðir sem yrðu að virka til að gangverk samfélagsins haldist óraskað og að þar væru tækifæri fyrir íslensk stjórnvöld til þess að gera sig gildandi á alþjóðasviðinu.

Bent var á að stefna stjórnvalda þyrfti að vera skýr, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem væru að eiga sér stað í alþjóðlegu umhverfi þróunarsamvinnu. Skapaðist umræða um hvaða atriði ráðuneytið leggði áherslu á, og kom fram að aukin áhersla hafi verið lögð á mannréttindi, lotslagsmál, kynjajánfrétti, þar með talið kyn- og frjósemis -réttindi sem og réttindi hinsegin fólks.

5. Helstu verkefni á vegum utanríkisráðuneytisins 2025, Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu (14:15)

Farið var helstu verkefni utanríkisráðuneytisins á sviði þróunarsamvinnu og framlög til málaflokksins. Þá var greint frá þróun framlaga hjá Nordic Plus ríkjunum og Eystrasaltsríkjunum ásamt því að fara yfir deildir skrifstofunnar, málaflokka, verkefni og starfslið.

- **Fjölbjóðleg þróunarsamvinna, stefnumótun og samræming**
 - Alþjóðabankinn, stofnanir Sameinuðu þjóðanna, samstarf við atvinnulíf, OECD-DAC, N5, NB8 og Nordic Plus, umhverfismál, UNEP og efnahagsstuðningur við Úkraínu.
- **Tvíhliða þróunarsamvinna og samstarf við félagasamtök og fræðasamfélag**
 - Samstarfslönd í Afríku: Malaví, Síerra Leóne og Úganda. Samstarf við innlend félagasamtök og fræðasamfélag.
- **Loftlags- og orkumál**
 - Alþjóðasamstarf á málefnasviði, GCF, AF, NDF, IRENA, SEforALL, nýr loftslagshamfarasjóður, o.fl.

- **Málefni hafsins (og fiskveiðisamningar)**

- Stjórnarseta í FAO, Bláfæðubandalagið, WTO Fish Fund, o.fl.

Fram kom að mannúðarmálin heyrir undir skrifstofu alþjóðapólitískra málefna, og að náið samráð er á milli skrifstofa um verkefni, framlög og málefnavinnu.

Fram kom að í tvíhliða þróunarsamvinnu er áhersla á samstarf við héraðsyfirvöld, verkefni sem lúta að uppbyggingu innviða í heilbrigðismálum, vatn- og hreinlæti og menntun, ásamt því að unnið er með félagasamtökum og stofnunum Sameinuðu þjóðanna á vettvangi. Þannig skapist samlegð á milli málaflokka og hægt sé að ná til fleiri aðila. Einnig er náið samstarf við íslensk félagasamtök og hafa verið gerðir rammisamningar við fjögur stærstu samtökin. Því til viðbótar er samstarf við fræðasamfélag og atvinnulíf. Loks var farið yfir samstarf á vettvangi GRÓ — þekkingarmiðstöðar þróunarsamvinnu og því starfi sem unnið er á vettvangi skólanna fjögurra, Jarðhitaskólans, Sjávarútvegsskólans, Landgræðsluskólans og Jafnréttisskólans.

6. Umræður (14:30)

Rætt var um mikilvægi þess að efla þátt aðila atvinnulífs í þróunarsamstarfi ásamt því að efla kynningarstarf, ekki síst til að ná til yngri markhópa.

Loks kom fram að nefndarmönnum verða sendar þær glærur sem farið var yfir í kynningunni.

7. Fjármál í þróunarsamvinnu, Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu og Andri Egilsson, deildarstjóri á fjármálaskrifstofu (14:35)

Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu, greindi frá því að innan utanríkisráðuneytisins séu tvö málefnasvið samkvæmt fjármálaáætlun ríkisins: 04 Utanríkismál og 35 Alþjóðlega þróunarsamvinna. Undir þessum málefnasviðum væru fimm undirflokkar, þar á meðal þróunarsamvinna, sem hafi vaxið ört á undanförunum árum. Fram kom að samkvæmt bráðabirgðatölum frá þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) hafi framlög til opinberrar þróunaraðstoðar dregist saman um 7,2% á heimsvísu milli 2023 og 2024. Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 geri ráð fyrir umtalsverðri aukningu framlaga, sem þó sé hægari aukning en fjármálaáætlun 2025-2029 geri ráð fyrir. Þó sé um umtalsverða aukningu að ræða þar sem framlögin séu mæld sem hlutfall af vergum þjóðartekjum og sé í fjármálaáætlun gert ráð fyrir auknum hagvexti.

Andri Egilsson, deildarstjóri á fjármálaskrifstofu, kynnti útgjaldaramma þróunarsamvinnu samkvæmt framlagðri en ósamþykktari þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2026-2030. Samkvæmt henni munu framlög til þróunarsamvinnu á málefnasviði 35 aukast á tímabilinu 2026-2030 og nema u.þ.b. 0,38% af vergum þjóðartekjum við lok hennar. Hlutfall af framlögum sem standa straum af kostnaði vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd, málaflokkur sem er hjá dómsmálaráðuneytinu, hefur dregist saman. Ástæðan sé m.a. sú að reglur um hvað telst sem kostnaður sem fellur undir opinbera þróunaraðstoð hafi verið útfærðar betur en áður hafi verið. Önnur framlög sem tengjast opinberri þróunaraðstoð, á málefnasviði 04 sem nær til utanríkismála í heild en ekki eingöngu þróunarsamvinnu, svo sem framlög Íslands til friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna munu haldast stöðug, á meðan gert er ráð fyrir að stofnframlög til alþjóðastofnana s.s. Alþjóðaframfarastofnunarinnar aukist á tímabilinu.

8. Umræður (14:50)

Spurt var hvort framlög Íslands lækki hlutfallslega vegna hærri VÞT eða vegna þess að framlög séu lægri. Fram kom að framlög hafa verið að aukast undanfarin ár, bæði að nafnvirði og sem hlutfall af VÞT, en á milli 2023 og 2024 var aukning að nafnvirði, þó að bráðabirgðatölur fyrir 2024 gefi til kynna að hlutfallið af VÞT hafi dregist saman, og stefni í 0,34% úr 0,35%. Samkvæmt fjármálaáætlun 2026-2030 er stefnt að aukningu í opinberri þróunaraðstoð, bæði að nafnvirði og sem hlutfall af VÞT, og er gert ráð fyrir að hlutfallið nemi 0,39% árið 2030.

Fram kom að samkvæmt bráðabirgðatölum frá Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) um opinber framlög til þróunaraðstoðar 2024, eru framlög íslenskra stjórnvalda um meðaltal aðildarríkjanna. Af Norðurlöndunum hafi Finnland og Svíþjóð dregið úr framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar og fært forgangsörðun meira í átt að viðskiptatengdri þróunarsamvinnu og stuðningi við verkefni sem lúta að fólksflutningum. Einnig kom fram að umsóknum um alþjóðlega vernd á Íslandi hafi fækkað á undanförunum árum þannig að kostnaður sem áður var dreginn af framlögum þróunarsamvinnu hafi lækkað umtalsvert. Einnig hafi verið skerpt á reglum sem kveða á um hvað má telja fram sem opinber þróunaraðstoð, sem einnig hafi dregið úr þeim kostnaði. Athygli var vakin á mikilvægi þess að skýrt sé hvaða verkefni og fjármunir teljist til opinberrar þróunaraðstoðar, ekki síst í tengslum við stuðning við Úkraínu. Var áréttað að þar sem Úkraína sé meðal ríkja sem flokkast sem þróunarríki samkvæmt þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC), í flokki lægri millitekjuríkja, sé uppbyggingar- og mannúðarstuðningur við Úkraínu opinber þróunaraðstoð. Stuðningur vegna öryggis- og varnarmála sé hins vegar dregin af fjárlagaliðum sem snúa að öryggis- og varnarmálum. Rætt var um mikilvægi þess að kynna ábata þróunarsamvinnuverkefna fyrir fjársterkum aðilum, og að stjórnvöld séu í samtali við aðila atvinnulífs og lífeyrissjóði um samstarf um fjármögnun þróunarsamvinnu- og loftslagsverkefna. Rætt var um leiðir til að kynna þróunarsamvinnu Íslands og kom fram að jafnt þarf að huga að yngri markhópum, almenningi og aðilum atvinnulífs til að tryggja stuðning við málaflokkinn til framtíðar.

Fundi slitið kl. 15:05.